

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10

Reykjavík 1. nóvember 2012

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um skráð trúfélög, 132. mál

Þann 12. október sl. barst ráði Femínistafélags Íslands til umsagnar frá Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis frumvarp til laga um skráð trúfélög, 132. mál. Femínistafélag Íslands lýsir yfir stuðningi við frumvarpið og fagnar sérstaklega því að til standi að breyta lögum um skráð trúfélög þannig að þau standist jafnréttislög, þ.e.a.s. að breytt verði því fyrirkomulagi að barn sé sjálfkrafa skráð í trúfélag móður við fæðingu, heldur taki trúfélagsskráning barna mið af stöðu beggja foreldra innan eða utan trúfélaga og sé samkomulagsatriði sé staða foreldra innan eða utan trúfélaga mismunandi.

Femínistafélag Íslands gerir þó athugasemd við að börn séu yfirhöfuð skráð sjálfkrafa í trúfélög/ lífsskoðunarfélög og leggur til að sú breyting verði gerð að börn séu skráð utan slíkra félaga þar til foreldrar/forsjárforedri sjái um að þau séu skráð. Þá tekur FÍ undir athugasemd í umsögn Umboðsmanns barna að eðlilegt sé að skoða af alvöru hvort að börn ættu að geta tekið ákvörðun um inngöngu eða úrsögn í trúfélag við 14 ára aldur, þ.e.a.s. fermingaraldur. Raunar telur Femínistafélagið það einnig vera umhugsunarefni hvort eðlilegt sé að fermingaraldur barna sé 14 ára, eða hvort ákvarðanir um ferminu eða þátttöku í trúfélagi eiga að miðast við sjálfræðisaldur eins og aðrar mikilvægar ákvarðanir er varða líf og aðstæður einstaklinga.

Í meginatriðum lýsir Femínistafélagið yfir ánægju með frumvarpið og telur það stuðla að auknu jafnrétti.

Virðingarfyllst,
F.h. Femínistafélags Íslands,
Steinunn Rögnvaldsdóttir, talskona